

Ályktun stjórnar BSRB, 12. nóvember 2010:

Stjórn BSRB lýsir furðu yfir niðurstöðum könnunar hjá forstöðumönnum ríkisstofnana, þar sem þeir kalla eftir breytingum á lögum og reglum til að stuðla að skilvirkum ríkisrekstri. Sé pottur brotinn í þeim efnum hlýtur að vera við stjórendurna að sakast.

Samkvæmt könnuninni lætur aðeins um helmingur forstöðumanna fara fram reglulegt mat á frammistöðu starfsmanna. Slíkt mat er undirstaða góðrar mannauðsstjórnunar og bagalegt að forstöðumenn ríkisstofnana skuli láta undir höfuð leggjast að nýta sér þau verkfæri sem þeim standa til boða til að gera stofnanirnar skilvirkari, þjóðinni allri til heilla. Öll úrræði eru þegar fyrir hendi.

Góðir stjórnendur þekkja kosti starfsmanna sinna og nýta sér þá til að skapa betri stofnun. Til þess þarf reglulegt starfsmannasamtal að fara fram. Stjórn BSRB telur miður að ekki skuli fleiri forstöðumenn ríkisstofnana en raun ber vitni beita tækjum skilvirkrar mannauðsstjórnunar.